



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

**Klæðskeri**

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

**Tailor**

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- annast innkaup á efnum og öðrum vörum sem þarf á saumastofu. Þekkir eiginleika og kosti efna sem notuð eru í herrafatnað og hefur vald á mismunandi saumatækni og fatagerð
- tekur mál, mælir, teiknar og útfærir snið og breytir þeim eftir atvikum. Sniður og sérsaumar herrafatnað samkvæmt eigin útfærslu eða óskum viðskiptavinar
- getur unnið eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni. Setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vörubrúun
- skipuleggur verkferla m.t.t. viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði. Sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur haft faglega umsjón með verkefnum á saumastofu í samstarfi við meistara
- hefur góð tök á notkun tækja og áhaldna og getur notað tölvutækni við hugmyndapróun
- þekkir orsakir vinnuslysa, vinnur í samræmi við öryggisstaðla á vinnustað og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu
- gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem efni geta haft
- sýnir heiðarleika, fer eftir almennum siðareglum og sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð og sýnir viðskiptavinum þjónustulund og trúnað og hefur skilning á þörfum þeirra
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi
- þekkir sögu og menningu tísku og fataiðnaðar.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Klæðskeri sérsaumar herrafatnað og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Klæðskeri starfar í fataverksmiðjum, á saumastofum eða eigin verkstæði. Rétt til starfa sem klæðskeri hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í kjólasaumi sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency) © Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs og viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sjö annir, námstími samtals 126 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 24 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p><b>Inngönguskilyrði</b> Grunnskólapróf</p> <p><b>Viðbótarupplýsingar</b> Frekari upplýsingar er að finna á: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p> <p><b>Upplýsingamiðstöð í landinu</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p>
---